



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 1456 – 693. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um heimild til kyrrsetningu eigna. Í breytingunum felst heimild til kyrrsetningar vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Sambærilega heimild er að finna í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 23/2010, og töldu stjórnvöld að sú heimild næði einnig til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga um virðisaukaskatt og laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, líkt og fram kemur í athugasemdum í greinargerð við hið framlagða frumvarp. Hins vegar kvað Hæstiréttur upp dóm þann 21. júní 2010 nr. 372/2010 þar sem tekið var af allan vafa um að almenn tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga dygði ekki til að heimila kyrrsetningu vegna meintra brota gegn virðisaukaskattslögum.

Varðandi hið framlagða frumvarp vill Mannréttindaskrifstofa Íslands koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er eignarrétturinn friðhelgur. Í 1. mgr. segir að engan megi skylda „til að láta af hendi eign sína nema almenningþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“ Þrátt fyrir að eignarrétturinn sé friðhelgur er ljóst af orðalagi ákvæðisins að hann megi takmarka með lögum. Vanda verður sérstaklega til slíkrar lagasetningar og verða ákvæði þess efnis að vera skýr og greinileg til að heimilt sé að víkja frá eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Enn fremur er mikilvægt að við slíka lagasetningu sé meðalhófs gætt, þ.e. að aldrei sé gengið lengra en þörf er á til að ná tilætluðu markmiði. Í ljósi þessa hvetur Mannréttindaskrifstofa Íslands til að við kyrrsetningu eigna verði ávallt gætt að forsendur fyrir kyrrsetningunni séu fyrir hendi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur